

Skaftárhreppur
Ólafía Jakobsdóttir, sveitarstjóri
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur

2001060003
8509; 9310

Reykjavík, 6. júní 2001
/--

Efni: Hringvegur um Djúpá, Laxá og Brúará í Fljótshverfi, Skaftárhreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Skaftárhrepps dags. 21. maí 2001, þar sem leitað er eftir meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. vegna framkvæmdaleyfis fyrir breytingu á Hringvegi um Djúpá, Laxá og Brúará í Fljótshverfi, Skaftárhreppi.

Bréfi Skaftárhrepps til Skipulagsstofnunar fylgdi greinargerð Vegagerðarinnar dags. 1. maí 2001, þar sem framkvæmdinni er lýst, ásamt eftirfarandi fylgiskjölum: Samningar Vegagerðarinnar við landeigendur dags. 13. og 14. mars 2001, álit Náttúruverndar ríkisins dags. 10. maí 2001, álit veiðimálastjóra dags. 9. janúar og 11. maí 2001 og álit Veiðimálastofnunar dags. 14. febrúar og 3. maí 2001.

Samkvæmt greinargerð Vegagerðarinnar er áætluð efnisþörf úr námum vegna breytinga á Hringvegi um 135.000 m³. Þar af verða teknir um 70.000 m³ úr námusvæði A austan við vestasta farveg Djúpár og um 65.000 m³ úr námusvæði B austan Djúpár. Samkvæmt 6. gr. og lið 2.a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er efnistaka þar sem áætluð efnistaka er 50.000 m³ eða meiri tilkynningarskyld framkvæmd til ákvörðunar um matsskyldu. Ofangreind framkvæmd fellur undir lið 2.a í 2. viðauka laganna og er því háð ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skaftárhrepps um matsskyldu framkvæmdarinnar með símtali og barst álit hreppsins með bréfi dags. 29. maí 2001.

Framlögð gögn Vegagerðarinnar, Náttúruverndar ríkisins, veiðimálastjóra og Veiðimálastofnunar

Samkvæmt greinargerð Vegagerðarinnar er um að ræða lagningu nýs vegar og brúargerð yfir Djúpá, Laxá og Brúará á samtals um 4 km löngum kafla. Vegurinn mun að mestu liggja um

ógróið land en fara yfir tún og beutiland á um 500 m kafla. Áætluð efnisþörf úr námum er um 135.000 m³ og 22.000 m³ úr vegskeringum. Teknir verða um 70.000 m³ af um 20.000 m² námusvæði A austan við vestasta farveg Djúpár, um 65.000 m³ af um 24.000 m² námusvæði B austan Djúpár og í Rauðabergsnámu um 5 km austan við framkvæmdasvæðið verður unnið efni í grjótvörn.

Í álití Náttúruverndar ríkisins kemur fram að framkvæmdasvæðið sé hvorki óraskað né sérstætt og hafi ekki verndargildi. Álitíð er gefið með fyrirvara um jákvæða afgreiðslu Skipulagsstofnunar.

Í álití Veiðimálastofnunar er mælt til þess að alls ekki verði farið í farveg ána eða svo nærri þeim að þær geti flætt í malartökustaði. Fram kemur að tímabilin apríl-júní og september-október séu viðkvæm fyrir raski af völdum framkvæmda vegna veiði, hrygningar, hrognna og seiða. Við efnistöku við Djúpá verði þess gætt að taka einungis efni milli kvísla en ekki úr þeim þar sem eru búsvæði laxfiskseiða.

Í álití veiðimálastjóra kemur fram að fallist sé á fyrirhugað efnisnám við farveg Djúpár liggja samþykki landeiganda fyrir, efni verði tekið utan farvega árinna, gengið verði frá malarnámum í lok verks og þess gætt að áin brjóti sér ekki leið í þær í flóðum, framkvæmdir valdi ekki aurburði í ána á veiðitíma og farið verði eftir tillögum Veiðimálastofnunar varðandi aðrar framkvæmdir á svæðinu.

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að efni verði einkum tekið úr ógrónum áreyrum og ekki verði um að ræða rask á grónu landi. Reynt verði að afmarka farvegina með varnargörðum og fylgt verður ábendingum Veiðimálastofnunar. Ekki séu uppi áform um að græða upp námur, fyllingar og skeringar nema þess verði sérstaklega óskað. Við frágang námusvæða verður haft samráð við landeigendur og Náttúruvernd ríkisins. Framkvæmdaraðili telur að lagning vegarins ásamt efnistöku og byggingu brúa muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Álit Skaftárhrepps

Í álití Skaftárhrepps kemur fram að framkvæmdin skuli undanþegin mati á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða efnistöku úr tveimur námum við Djúpá sem er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hvorki hafa verulegt jarðrask í för með sér né veruleg áhrif á lífríki verði umgengni um framkvæmda- og efnistökusvæði með þeim hætti sem lýst er í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og að uppfylltum kröfum Veiðimálastofnunar og veiðimálastjóra.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Skaftárhrepps. Á grundvelli þessara gagna er

niðurstaða Skipulagsstofnunar sú að efnistaka vegna lagningar Hringveggar um Djúpá, Laxá og Brúará í Skaftárhreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal liggja fyrir áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 5. júlí 2001.

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóri